

RE: RE: Brákarbraut 25 og 27 - Svörun erinda og úttekt HMS

Til : Ingvi Árnason <ingvi@gbgolf.is>
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : RE: RE: Brákarbraut 25 og 27 - Svörun erinda og úttekt HMS
Málsnúmer : 2102065
Málsaðili : Slökkvilið Borgarbyggðar
Skráð dags : 12.03.2021 11:18:09
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Sæll Ingvi,

Ég vil þakka þér fyrir erindi þín fyrir hönd Golfklúbbs Borgarness, dags. 12. febrúar, 15. febrúar, 22. febrúar og 10. mars sl. Það er mikilvægt fyrir okkur að heyra frá ykkur reglulega og vonandi hafa þeir póstar sem ykkur hafa borist gefið ykkur góðar upplýsingar um stöðu mála. Með þessum tölvupósti langar mig að svara helstu beiðnum ykkar varðandi aðstöðuna golfklúbbsins og gefa ykkur upplýsingar um gang mála.

Við skiljum að fyrirvaralítill lokun hafi mikil áhrif á starfsemi golfklúbbsins í húsnæðinu í Brákarey að kröfum eftirlitsaðila. Þykir okkur fyrir því að svo hafi þurft að vera. Að kröfu eftirlitsaðila er starfsemi ekki heimil í húsnæðinu og því höfum við ekki heimild til að gera breytingar þar á.

Borgarbyggð hefur litið á leigusamningana við félagasamtök með félagsaðstöðu í Brákarey sem samfélagslegt verkefni sveitarfélagsins og því hafa flestir leigutakar fengið að vera í húsnæðinu endurgjaldslaust. Það má leiða að því líkur að ákveðin ákvæði í leigusamningnum taki mið af þeirri hugsjón og m.t.t. ástands húsnæðisins.

Nú hefur húsnæðið verið tekið út af brunavarnarsviði og rafmagnsöryggissviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og búist er við skýrslu á næstu dögum. Enn fremur hefur sveitarfélagið samið við Verkís um úttekt á húsnæðinu og kostnaðarmat á þeim lagfæringum sem þarf að fara í til að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem byggja á lögum um brunavarnir og skilmála byggingareglugerðar. Vinnu við úttekt á að ljúka innan tveggja vikna. Í kjölfar þess getur sveitarfélagið, í samráði við leigjendur, tekið ákvörðun um hvort og þá með hvaða hætti húsnæðið verði lagfært. Þegar skýrslurnar liggja fyrir munum við funda með leigjendum í húsnæðinu og fara yfir möguleikana í stöðunni.

Í erindi þínu kemur fram að vonast sé Borgarbyggð leysi innanhúsmálefni er varðar athugasemdir byggingarfulltrúa. Þrátt fyrir að einhverjar athugasemdir teljist auðleysanlegar varðandi húsnæði golfklúbbsins er grundvallaratriðið að líta þarf á húsnæðið sem heild, sem þarf að uppfylla þau skilyrði sem gerðar eru til þeirrar starfsemi sem er í húsnæðinu. Það þarf að teikna allt húsnæðið upp og tryggja öryggi m.t.t. eldvarna í húsnæðinu í heild sinni áður en starfsemi yrði heimiluð á ný. Húsnæðið í heild sinni uppfyllir ekki kröfur byggingareglugerðar og er ekki teiknað upp í samræmi við þá starfsemi sem er í húsnæðinu. Rafmagnskerfi í öllu húsnæðinu er ekki í lagi og brunahólfun er verulega ábótavant. Það er af þessum ástæðum sem sveitarfélagið óskar eftir heildarúttekt á húsnæðinu.

Rektor Háskólans á Bifröst hefur boðið húsnæði sem gæti nýst fyrir ýmsa þá starfsemi sem hefur hingað til verið í húsnæðinu í Brákarey. Við hvetjum ykkur til að setja ykkur í samband við rektor Háskólans á Bifröst og kannið möguleikana á að nýta ykkur það boð. Enn fremur hefur sveitarfélagið verið að skoða hvort hægt sé að koma starfseminni fyrir í öðru húsnæði í eigu Borgarbyggðar.

Bestu kveðjur / Best regards

Þórdís Sif Sigurðardóttir

sveitarstjóri Borgarbyggðar / Mayor of Borgarbyggð

? +354 433-7105



From: Ingvi Árnason
Sent: 10.03.2021 12:59:53
To: Þórdís S. Sigurðardóttir
Subject: RE: Brákarbraut 25 og 27 - Svörun erinda og úttekt HMS

Sæl Þórdís.
Hvernig eru horfur með húsnæðið í Eyjunni?
HMS er búin að taka þetta út, ekki rétt? Hefur eitthvað komi frá þeim?
Og búið að velja úttektar aðila fyrir ykkur og liggur fyrri hvenær niðurstaða mun liggja fyrir?
Við höfum verið vongóðir um að „okkar“ rými og skotfélagsins gæti fengið undanþágu með tiltölulegum litlum aðgerðum.
Kveðja Ingvi.

From: Þórdís S. Sigurðardóttir
Sent: 01 March 2021 16:14
To: Ingvi Árnason
Subject: RE: Brákarbraut 25 og 27 - Svörun erinda og úttekt HMS

Sæll Ingvi,
Við höfum sent út verðfyrirspurn til þriggja aðila um verkefnið og vonumst við til að úttekt geti farið fram í næstu viku.

Bestu kveðjur / Best regards
Þórdís Sif Sigurðardóttir
sveitarstjóri Borgarbyggðar



From: Ingvi Árnason <ingvi@gbgolf.is>
Sent: 26. febrúar 2021 13:49
To: Þórdís S. Sigurðardóttir <thordis.sigurdardottir@borgarbyggd.is>
Subject: RE: Brákarbraut 25 og 27 - Svörun erinda og úttekt HMS
Takk fyrir þetta Þórdís.

Hver er tímarammi úttektar „óháðs“ aðila á Húsinu og skila á niðurstöðum?
Kveðja Ingvi.

From: Þórdís S. Sigurðardóttir <thordis.sigurdardottir@borgarbyggd.is>
Sent: 26 February 2021 09:02
Subject: Brákarbraut 25 og 27 - Svörun erinda og úttekt HMS

Góðan daginn,
Ég vil þakka ykkur öllum fyrir ykkar erindi til Borgarbyggðar og þá samvinnu sem hefur verið til staðar. Á byggðarráðsfundi í gær var málefni eyjunnar rætt og erindi þeirra sem hafa komið þeim á framfæri og mun ég svara ykkar erindum í komandi viku og vera í sambandi við ykkur. Ekkert hefur verið ákveðið

með afdrif húsnæðisins eða áframhaldandi nýtingu þess.

Beðið er eftir heildarúttekt og kostnaðargreiningu óháðs aðila í samræmi við ákvörðun byggðarráðs frá því í síðustu viku, þar sem óskað er eftir úttekt á því hvað þarf nauðsynlega að gera til að hægt sé að nýta húsnæðið áfram. Enn fremur hefur HMS boðað úttekt sína á húsnæðinu, sbr. hér að neðan. Þegar niðurstöður þessara úttekt og kostnaðarmats liggja fyrir munum við fara yfir það með leigjendum húsnæðisins.

Næstkomandi mánudag kl. 10:30 munu sérfræðingar brunavarna HMS koma til að gera úttekt á húsnæði Borgarbyggðar Brákarbraut 25 - 27

Viljum við því biðja fulltrúa frá leigutökum að koma á staðinn til að opna fyrir úttektaraðilum, einnig er hægt að koma lykli til Ámunda Sigurðssonar forstöðumanns áhaldahúss komist aðilar ekki á þessum tíma.

Tímaáætlun úttektar:

10:30 Fornbílafélag Borgarfjarðar.

11:00 Ikan ehf.

11:20 Guðmundur Ólafsson.

11:40 Áhaldahús.

12:00 Matur.

12:40 Bifhjólafélag Borgarfjarðar.

13:00 Aldan vinnustofa.

13:20 Nytjamarkaður.

13:40 Geymsla safnahús.

14:00 Eygló Harðardóttir.

14:20 Golfklúbbur Borgarness.

14:40 Skotfélag Vesturlands.

15:00 Geir Sævar Geirsson.

15:20 Frystihús.

16:00 Skoðun lokið.

Hafið samband ef það eru einhverjar spurningar.

Kær kveðja,

Þórdís

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.